

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd og allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. desember 2021

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til fjárlaga árið 2022

Femínísk fjármál fagna því að ráðuneyti skila nú í fyrsta sinn mati á áhrifum fjárlaga á jafnrétti kynjanna. Stöðuskýrsla kortlagningar kynjasjónarmiða hefur skapað góðan grunn fyrir ráðuneytin til að geta framkvæmt mat á jafnréttisáhrifum, og orðið til þess að vísir að heildstæðu mati á áhrifum fjárlagafrumvarpsins á kynjajafnrétti liggur nú fyrir. Það er framfaraskref. Næsta skref, nú þegar að greiningar á áhrifum og önnur nauðsynleg þekking liggur að miklu leyti fyrir, er að aðgerðir og ákvarðanir taki enn betur tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða heldur en áður.

Í frumvarpinu kemur fram að stór hluti aðgerða er talinn stuðla að óbreyttu ástandi á jafnrétti kynjanna. Í ljósi þess að kynjajafnrétti hefur ekki verið náð, hvort sem litið er til launa, heimilisábyrgðar, hættu á kynferðisofbeldi, fátækt eða heilsufari, svo nokkuð sé talið, þurfa stjórnvöld að gera meira til að stuðla að kynjajafnrétti á flestum sviðum samfélagsins. Þetta þarf að gera í gegnum stefnumótun og fjárveitingar, en fleiri aðgerðir í fjárlagafrumvarpinu verða að stuðla að jafnrétti og færri að viðhalda óbreyttu ástandi. Stíga þarf fastar til jarðar til að leiðrétta kynjahalla.

Í því samhengi þá hafa Femínísk fjármál þungar áhyggjur af áhrifum Covid-19 faraldursins á konur sérstaklega. Konur eru líklegri en önnur til að hafa, í launaðri og ólaunaðri vinnu, upplifað mikið álag á tímum faraldursins. Stórar kvennastéttir í heilbrigðis-, félags- og velferðarkerfinu hafa verið undir miklu álagi. Sömuleiðis bendir allt sem við vitum um kynjaða verkaskiptingu innan heimila til þess að ábyrgð þeirra á umönnun og heimilishaldi sé meiri en annarra kynja, og hætt er við að álag á þær hafi aukist vegna faraldursins og þeirra sóttvarnaráðstafana sem nauðsynlegt var að grípa til. Það er því ástæða til að hafa áhyggjur af því að þetta muni leiða til aukinnar örmögnunar og kulnunar með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á heilsu, fjárhag og lífsgæði kvenna, sem og neikvæðra samfélagslegra áhrifa. Mönnun heilbrigðiskerfisins, sem er lykilatriði til að stýra álagi meðal starfsfólks heilbrigðiskerfisins og létta álagi af aðstandendum, er enn ófullnægjandi og sama má segja um fjármögnun geðheilbrigðisþjónustu, og þrátt fyrir aukin fjárframlög til heilbrigðismála í fjárlagafrumvarpinu, hafa þessi vandamál ekki verið leyst. Meira þarf til.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir viðbótarhækkun á bætur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Þrátt fyrir að um jákvætt skref sé að ræða er hollt, í ljósi þess sem hefur verið rakið hér að framan, að velta því upp

hveru mikið er nóg til að stuðla raunverulega að betri líðan og starfshæfni kvenna sem lenda í kulnun og örmögnun. Árið 2019 voru 55% fleiri konur skráðar með 75% örorku eða endurhæfingarmat en karlar og þrátt fyrir hærri lífslíkur kvenna eru lífslíkur kvenna við góða heilsu mun lægri en karla.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að þær aðferðir sem verða fyrir valinu til að bæta kjör einstakra hópa geta haft ójöfn áhrif á kynin. Femínísk fjármál minna á mikilvægi þess að hafa kynja og jafnréttissjónarmið í huga við endurskoðun á lífeyrskerfinu sem boðuð hefur verið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Hækkun frítekjumarks er til að mynda frekar karllæg aðgerð, þ.e.a.s. aðgerð sem nýtist mun fleiri körlum þar sem að karlar eru líklegri til að vera í vinnu þegar þeir hafa náð háum aldri. Konum endist oft ekki heilsa til að vinna til loka þess hefðbundna lífeyrisaldurs sem nú er á Íslandi, vegna áhrifa áralangs álags á líkama og andlegrar byrði. Þegar kemur að lífeyrskerfinu og mögulegum breytingum, er aðalatriði að kerfið tryggji fjárhagslegt öryggi og velferð eldri kvenna sem eru enn að lifa við afleiðingar af grófum kynbundnum launamun og ólaunaðri heimilisábyrgð síðustu áratuga.

Femínísk fjármál gera athugasemd við að viðbótarálag atvinnuleysisbóta sé fellt niður, en rúmlega 10 þúsund eru enn atvinnulaus og enn er langtímaatvinnuleysi mikið. Fólk í atvinnuleit er nú þegar í mjög viðkvæmri stöðu og tekjuleysið getur orðið að fátæktargildru sem erfitt er að losna undan. Stór hluti atvinnulausra er fólk af erlendum uppruna sem hefur jafnvel lítið bakland hér á landi, en lágar bætur ýta enn fremur undir jaðarsetningu þeirra. Helmingur atvinnulausra er undir 35 ára aldri, að ótöldum stúdentum. Vitað er að kaupmáttaraukning yngri kynslóða er minni en þeirra eldri og því gerir félagið einnig athugasemd við að ekki er gripið til víðtækari aðgerða í húsnæðismálum. Núverandi ástand á húsnæðismarkaði kemur verst við þau sem eiga minna á milli handanna. Ljóst að meira þarf að gera fyrir þann hóp sem upplifir óöryggi í húsnæðismálum en fimmtungur fólks á húsnæðismarkaði eru leigjendur og konur í miklum meirihluta sem viðtakendur húsnæðisbóta í hópi einstæðra foreldra og líklegri til að vera í viðkvæmri stöðu vegna ábyrgðar á börnum.

Femínísk fjármál minna að lokum á að stjórnvöldum ber að vinna að markmiðum jafnréttis laga og laga um opinber fjármál og tryggja að ráðstöfun opinbers fjármagns komi á og viðhaldi jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Virðingarfyllt

Stjórn Femínískra fjármála